

# Íslenskur jarðvegur og íslensk framtíð.

—o—

## I.

Kofoedhansen skógræktarstjóri hefir oftar en einu sinni og nú seinast í fróðlegri grein í „Visi“ 15. júni s.l., komist að orði, likt og væri honum ókunnugt um, að til eru íslenskar athuganir á „löss“ eðli jarðvegarins íslenska. Vitnar skógræktarstjórinн í rannsóknir, sem mjög efnilegur ungur jarðfræðingur sánskur, dr. K. Samuelson, gerði fyrir nokkrum árum og ritaði um bók, sem kom út 1926 (Die Wirkungen des Windes o. s. frv.). Íslensku athuganirnar, sem eg drap á, eru eldri. Í ritgerð minni um Ísland, í Handbuch der regionalen Geologie, útg. af Steinmann og Wilckens, 1910, s. 16 i sérpr., er tekið fram, að jarðvegur hér á Íslandi sé að miklu leyti fokmyndun: ..... aber von viel grösserer Wichtigkeit ist ein weniger beachtetes, feines, mehr lössartiges, sediment, welches keinen besonderen Namen führt, aber das Erdreich Islands zu sehr bedeutenden Teile ausmacht.“

Kofoedhansen hefir, eins og kunnugt er, á mjög fróðlegan hátt skýrt, hverja þýðingu þetta eðli jarðvegarins, sem í framangreindum orðum var bent á, liefir fyrir skógvöxt og skógrækt.

## II.

Í áðurnefndri ritgerð (s. 19, spr.) hefi eg enn fremur leitast við að vekja eftirtekt á því, að hér á landi hafi, eftir isöld, skiftst á skógartímabil (Waldzeit) og gresjutímabil (Steppenzeite). Hefir þetta orðið oftar en einu sinni, og á því getur varla verið efi, að menn hafa farið of langt í að kenna forfeðrunum þá rýrnun á gróðri landsins, sem varð frá því er var á 10. öld, þegar Íslendingar voru, fyrir atgervis sakir, undraþjóð jarðarinnar. Virðist mega sýna fram á, að breytingar á tiðarfari hafi valdið miklu um skógarhvarfið, sbr. ritgerðina Ísland og Íslendingar í Nýal, s. 433—444. Og nú er að færast í betra horf um tiðarfarið aftur, og næsta fróðlegt að veita því eftirtekt, hvernig áhrifin eru þegar farin að gera vart við sig í dýra- og jurtalifi (sbr. síðustu skýrslu um Hið ísl. náttúrufræðifélag). Er nú i vændum gróðursæld meiri en verið hefir síðan landið bygðist. Má jafnvel gera ráð fyrir því, að um miðja þessa öld verði farið að rækta hér eplatré, þar sem best vegnar. En þó segi eg ekki að svo verði, nema mannkynið læri að trúia meir á mig en hingað til hefir verið — svo að eg kom-

ist gamansamlega að orði. En það sem við er átt, er ekki annað en það, að menn læri að meta og færa sér í nyt uppgötvunarir minar í heimsfræði og liffræði. Er þar að vísu að eins um byrjun að ræða, en þó er þar upphaf nýrrar stefnu í sögu mannkynsins, og á þýsku mætti því tala um Entscheidungseinsichten. Það mun sýna sig, að þegar sú stefna verður eindregið tekin, munu á 10—20 árum verða meiri breytingar til batnáðar á högum mannkynsins en orðið hafa á 10000 árum áður. Menn hafa metið íslensku þjóðina of lítils. Einnig íslenska þjóðin sjálf. Nú þegar er greinilega farið að koma í ljós, þó að ástæður hafi batnað að eins lítillega hjá því, sem vera þyrfti og verið gæti, að þó að þjóð sé fámenn, þá er það mikið sem í henni býr. Oswald Spengler, hinn frægi þýski heimsspekingur, sem góð grein er um í Íðunni síðustu, hefir rangt fyrir sér, þar sem hann spáir því, að á Rússlandi muni verða upphaf hinnar nýju menningar. Það er hér á Íslandi, sem hin nýja menning mun eiga upptök sín, hin sanna vormenning, fyrsta menningin, sem ekki mun fylgja hrún og hráp. Grikkir og Gyðingar hafa sýnt það vel, að þýðingu þjóða verður að meta eftir öðru meir en höfðatölu. Íslendingar munu sýna það ennþá betur.

22.—30. júni.

Helgi Pjeturss.

Vins 2. juli  
1929